

# Fermingarblað Vífils

1. tölublað

23. árgangur

2001



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2001  
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ  
Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils í 13. sinn



# hnýtum lausa enda

EINFALT TOPPSTAG



## GLEÐILEGT SUMAR



Traustur banki  
**BÚNAÐARBANKINN**  
Garðabæ

# Kæru Garðbæingar

## Mikið stendur til



Nú í ár kemur Fermingarblaðið í öll hús í Garðabæ í tuttugasta og þriðja skipti og er því farið að skipa sér í röð elstu blaða sem gefin eru út í bænum.

Sem endranær eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju og Vídalínskirkju og eru þeir eins og þeir lágu fyrir er blaðið fór í prentun. Hugsanlega hafa orðið einhverjar breytingar frá þeim tíma. Með Fermingarblaðinu viljum við kynna okkar árlegu skátaskeytasölu sem verður þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vídalínskirkju. Einnig eru í blaðinu fréttir og myndir úr starfi félagsins síðastliðið starfsár.

### Styrkið skátastarfið í bænum.

Við hvetjum nú bæjarbúa til að

senda vinum, nágrönnum og ættingjum skátaskeyti og styrkja þannig öflugt æskulýðsstarf í bænum. Einnig bendum við á að skeyti til foreldra fermingarbarna verða sífellt vinsælli.

### Margt framundan

Sumardagurinn fyrsti verður haldinn hátíðlegur í Garðabæ með Vífil í broddi fylkingar og vonumst við til að sjá ykkur sem flest 19. apríl næstkomandi.

Vífill og Hjálparveitin eru í undirbúnings- og hugmyndavinnu um að reisa sameiginlega skátamiðstöð í Garðabæ. Í sumar verða fjöldamörg skátamót og er ætlunin að fjölmenna á þau nokkur, ásamt því sem stór hópur skáta stefnir á Hornstrandir í sumar.

### Sumarnámskeiðin vinsælu

Okkar vinsælu Útilífs- og ævintýrnámskeið verða haldin í þrettánda sinn nú í sumar og hvetjum við alla foreldra til að skoða nánar kynningu á þeim og þær dagsetningar sem kynntar eru hér aftar í blaðinu.

### Bestu þakkir til auglýsenda.

Frá okkur öllum í Vífli viljum við senda bestu kveðjur og þakkir til þeirra fyrirtækja sem hafa gert þessa útgáfu mögulega. Sum þessara fyrirtækja hafa styrkt okkur öll árin og viljum við nota tækifærið og þakka þeim fyrir ómetanlega aðstoð.

Með skátakveðju,  
Björn Hilmarsson,  
ritstjóri.



### Útgefandi:

Skátafélagið Vífill  
Hraunhólum 12.

### Ábyrgðarmaður:


Þór Ingólfsson

### Ritstjórn:

Björn Hilmarsson  
Hermann Sigurðsson  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Jón Ingvar Bragason  
Helgi Grimsson  
Rakel Ýr Sigurðardóttir

### Myndir:

Helgi Grimsson  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Myndasafn Vífils



## Góð fermingargjöf fyrir stóra drauma

**Gjafabréf**  
Stofnun eða innlegg á  
Framtíðarreikning er tilvalin  
fermingargjöf. Íslandsbanki  
 býður sérstök gjafabréf fyrir  
Framtíðarreikning.

Stofnun Framtíðarreiknings Íslandsbanka er leið til að gefa fermingarbörnum gott veganesli út í lífið því reikningurinn ber hæstu vexti sem í boði eru í bankanum á hverjum tíma. Þér er í sjálfsvald sett hversu oft þú leggur inn á reikninginn og hversu mikið í hvert skipti, en með tímanum safnast dágóður sjóður sem barnið getur notað til að láta framtíðardrauma sína rætast. Í útibúum Íslandsbanka færðu fallegt gjafakort sem án efa mun gleðja barnið á fermingardaginn.

- Hæstu vextir á innlánsreikningi
- Hámarksöryggi
- Verðtrygging
- Sveigjanleiki
- Laus við 18 ára aldur
- Engin lágmarksinnborgun
- Þú getur lagt inn reglulega eða þegar þér hentar
- Gjafabréf í öllum útibúum Íslandsbanka

Kynntu þér kosti Framtíðarreiknings námar í næsta útibúi Íslandsbanka eða hringdu í Símaþjónustu Íslandsbanka 5 75 75 75.

**FRAMTÍÐAR**   
REIKNINGUR ÍSLANDBANKA  
- börnin fá bestu vextinat

  
ÍSLANDBANKI

# Vinnustofan

*Smíðagallerí*

## Sérsmíði

Húsgögn  
Innréttingar

Auðbrekku 4, Kópavogi  
Sími 554 5075 · gsm 899 8464  
svan@mmedia.is



## Fermingarskreytingar

Fermingarkerti og servíettur

Páskaskreytingar

Skreytingar við öll tækifæri

Hjá okkur starfar fagfólk !

**Garðablóm Garðatorgi**

**S:5656722**

Opið til kl. 21 öll kvöld og til 22 um helgar.



## Góð íþrótt er gulli betri

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar.

Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðabæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða setja saman þína eigin æfingaráætlun.

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar.

Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur.

Úti eru svo gervigrasvöllur, malarvöllur og grasvöllur.

Það er aldrei of seint að byrja.

Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ - Sími 565-8066



Íþrótt- og tómstundaróð Garðabæjar

# Hvað er að gerast hjá Vífli

## Stuttir fréttapunktur

### Skátamót í sumar

Árið 2001 verður blómlegt skátamótasumar eins og fyrri ár hafa verið. Fyrsta mót sumarsins er Vör-mót Hraunbúa sem verður haldið í Krisuvík um hvítasunnuhelgina. Helgina eftir það verður hið árlega Ylfingamót á Úlfjótavatni og hálfum mánuði seinna Landnema-mót í Viðey. Um miðjan júlí verður mót á Úlfjótavatni og mánuði seinna verður dróttskátamót á landsmótssvæðinu að Hömrum í Eyjafirði. Það verður sem sagt nóg að gera í skátastarfi í sumar. Nánari upplýsingar er að finna í dagatalinu á [www.scout.is](http://www.scout.is)

### Landsmót skáta 2002

Landsmótið nálgast eins og ód fluga. Mótið verður haldið í nýrri útilífsmiðstöð skáta að Hömrum í Eyjafirði, sem er rétt norðanmegin við Kjarnaskóg.

Heimasíða mótsins hefur verið opnuð og er slóðin:

<http://www.scout.is/jamboree2002>. Þema mótsins verður álfar og tröll og skátar úr Gardabæ munu að sjálfsgöðu fjölmenna þangað.

### Bæjarstjórinn í heimsókn

Á haustdögum kom nýskipaður bæjarstjóri, hún Ásdís Halla, í heimsókn til Vífils ásamt friðu fóruneyti. Skoðuð var aðstaðan í skátaheimilinu við Hraunhóla ásamt því að bruna upp í Heiðmörk og skoða skátaskálann Vífilsbúð.

### Þjónustusamningur breytir miklu.

Gardabær og Skátafélagið Vífill hafa gert milli sín svokallaðan þjónustusamning sem telur upp allar skyldur Vífils gagnvart bæjaryfirvöldum ásamt stefnumörkun að enn betra skátastarfi í Gardabæ. Stjórn Vífils hefur lagt á það mikla áherslu síðastliðið ár að festa samstarf og skyldur Vífils gagnvart bæjaryfirvöldum og bæjarbúum og er ljóst að þessi samningur breytir miklu fyrir framtíðarstarf Vífils.

### Ný skátamiðstöð, hvenær ris hún...

Viðræður hafa átt sér stað síðastliðið ár um að Vífill og Hjálparveitin í Gardabæ byggi eitt hús sem yrði skátamiðstöð Gardabæjar. Húsið



myndi rísa við hús Hjálparveitarinnar við Bæjarbraut og er þessa dagana verið að rísa upp hugmyndir að svæðinu. Þegar þær liggja fyrir verður farið af stað og teiknað hús.



### Stjórn Vífils skipa nú

#### Félagsforingi

Guðmundur Guðmundsson

#### Aðst. félagsforingi

Hermann Sigurðsson

#### Ritari

Haukur Þór Haraldsson

#### Gjaldkeri

Björn Hilmarsson

#### Meðstjórnendur

Björn Hermannsson

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Runólfur Birgir Leifsson



# Skátasveitin Forynjur

## Hörkuduglegar stelpur

Núna í vetur, sem endranær, hefur verið starfrækt skátasveitin Forynjur. Stelpurnar í sveitinni hafa unnið að hinum ýmsum verkefnum af miklu kappi. Þær hafa farið í tvær sveitarútilegur, aðra upp í Lækjarbotna og hina upp í Hvell, svo hafa flokkarnir farið hvor fyrir sig í útilegu upp í Vífilsbúð.

### Útilegan í Hvell

Útilegan var farin helgina 23.-25. feb. Lagt var af stað á föstudagskvöldi og var farið á einkabilum upp að skálanum sem er staðsettur við Elliðavatn. Til að byrja með ætluðu foringjarnir að hita upp í skálanum en hann er kyntur með gasi. Eitthvað fannst þeim skrytið að það kviknaði ekki á ofninum þannig að það var farið að athuga hvort gasið væri ekki tengt. En þá kom í ljós að svo var ekki. Var þá hringt í hann Jón Ingvar, og hann beðinn um að koma að hjálpa okkur. Við þurftum ekki að biða lengi enda er „skáti hjálpsamur“. Þegar kominn var hiti í skálann var lagst til hvílu enda langur dagur framundan.



Laugardagsmorgunninn var tekinn snemma og spilað heimatilbúið „pictionary“ sem er spil sem reynir á leiklistarhæfileika hvers og eins. Eftir hádegi hafði fjölgað aðeins í hópnium og var þá ákveðið að drifa sig út í smá göngutúr enda gott veður. Við gengum upp að áningarstað hestamanna í Heiðmörk. Þar ætluðu nokkrar stelpur að nota tækifærið og fara á vatnsslósett sem er þar. Það var stutt klósettferð og þegar nánar var athugað kom í ljós að klósettið var allt brotið, og fékk

Bergdís Inga, annar foringinn, að hringja á lögregluna og telur hún það núna alveg ómetanlega lífsreynslu. Þegar við komum aftur upp í skálann var orðið kalt og orðið gaslaust á ofninum, þannig að við þurftum að styðjast við hita af eldavelinni. Um kvöldið var farið snemma að sofa enda erfiður dagur búinn.

Þegar við vöknudum á sunnudagsmorgninum var orðið nokkuð kalt þannig að við drifum okkur í fötin til að ná hita í okkur. Eftir morgunmatinn drifu allar sig út til að fara út í leiki. Við ákváðum að hringja nokkru fyrr til að láta ná í okkur en áætlað hafði verið í fyrstu enda mörgum orðið kalt.

Þessi helgi var mjög skemmtileg og náðum við að klára útilífsverkefni sem nefnist Amlóði.

### Ekki bara útilegur

Við förum ekki bara í útilegur. Við höfum náð að afreka ýmislegt núna í vetur, það var til dæmis haldin kökukeppni og var afraksturinn borðaður með góðri list og einnig var haldin smá kvöldvaka á einum fundinum. Þessi vetur hefur verið viðburðaríkur og skemmtilegur og vonumst við til að starfið haldi áfram að vera öflugt.

F.h. Forynja.

Rakel Ýr



# Fþplús

borgar sig alltaf

Eitt símtal 560 5000. . .og þú færð m.a.

- Viðtækustu fjölskylduþrygginguna
- Afslátt af öðrum tryggingum
- Afslátt af öryggisvörum
- Viðtæka ferðaþryggingu
- Aðgang að ýmsum tilboðum og margt fleira.

Yfir 20 þúsund heimili hafa valið F þús viðtækustu fjölskylduþrygginguna og nýtt sér kosti hennar. Hringdu og fáðu nánari upplýsingar í síma 560 5000.



## Nýr skátavefur kominn í loftið

[www.scout.is](http://www.scout.is) !

Nú á dögunum opnaði Bandalag Íslenskra skáta nýjan og stórglæsilegan vef á Internetinu: <http://www.scout.is> Á þessum vef er að finna upplýsingar um flest allt sem snýr að skátum og skátastarfi. Fyrri skátavefir BÍS hafa notið mjög mikilla vinsælda og hafa komist á „topp tíu“ vinsældalista yfir skátavefi í heiminum.

### Fréttir úr starfi BÍS

Ætlunin er að á vefnum verði hægt að finna nýjustu fréttirnar úr skátastarfi og t.d. er nú þegar kominn upp mikill vefur sem kynnir Landsmót skáta sem verður haldið á

Akureyri sumarið 2002. Einnig er hið sívinsæla skátadagatal á vefnum, en þar sjást allir skátatburðir ársins á einum stað.

### Upplýsingar um skátafélög

Hægt er að finna á skátavefnum upplýsingar um öll þau skátafélög sem eru starfandi og myndir af skátaheimilum og skálum.

Ef skáti er að fara í útilegu geta foreldrar farið inn á vefinn og fundið upplýsingar um skátaskálann og aðbúnað í honum.

Við hvetjum alla til að kynna sér þennan vef, munið slóðina - [www.scout.is](http://www.scout.is)

### Gríðarlegt skátastarf á vefnum

Ekki bara á Íslandi, heldur um heim allan er mjög öflugt skátastarf rekið á internetinu og meðal annars er haldið árlega JOTI (Jamboree on the Internet) þar sem skátar um allan heim eru á „irkinu“ og sendandi tölvupóst milli landa.

### Vífilsvefur fljótlega.

Frá aðalvef BÍS verður ein kynningarsíða um Vífil og er ætlunin að frá henni verði hægt að færast yfir á aðalvefsvæði Vífils, sem hefur verið að gerjast í hugmyndavinnu undanfarið.



# Vinabæjarskátamót í Birkerød

## Stór hópur úr Víflí fór til Danmerkur

### Ferðatilhögun og dagskrá

Þann 19. júní rann stóra stundin upp. 50 skátar úr Víflí voru með í för. Á leiðinni út var mikil spennan í skátunum enda sjaldan sem svona fjölmennur skáta úr Garðabæ fer erlendis. Komið var út snemma mánudagsmorguns og ekið með rútum frá flugvælinum og út á tjaldstæðið sem var í útjaðri Birkerød. Skátarnir í Birkerød lánuðu

okkur tjöld, verkfæri og eldunarbúnað og fyrstu klukkutímarnir fóru í að raða saman ókunnugum tjöldum og gramsa í kistum fullum af búnaði af ýmsum toga.

### Vel heitt hjá Dönun

Undir hádegi var hitinn orðinn rúmlega 30 gráður, skátarnir ósofnir eftir næturflugið og vel þyrstir. Þegar búíð var að slá upp tjöldunum

var ákveðið að biða með að ganga endanlega frá tjaldbúðum og drifa sig í sund. Eftir að hafa kælt sig niður og keypt grunnbirgðir af sælgæti og gosi (séríslensk æskulýðshéð) var gengið til baka þessa þrjá kílómetra upp á tjaldstæði. Þá var ráðist í að klára tjaldbúðirnar (hnýta saman borð, stóla, hlið, gera eldstæði o.fl.)

### Eldað yfir eldi

Síðdegis hófst eldamennskan og það yfir opnum eldi. Skátarnir skiptust á að sjá um matseld, einn hópurinn fór í að höggva eldivíð, kveikja upp og viðhalda eldinum á meðan annar hópur sá um að hreinsa og skera matvælin. Þetta gekk eins og í sögu þrátt fyrir að íslensku skátarnir væru að gera þetta í fyrsta skipti. Um kvöldið var norræn varðeldur þar sem m.a. voru sungnir þjóðsöngvar landanna. Það kom berlega í ljós að sá íslenski krafðist mestu sönghæfileikanna – en Garðbæingarnir stóðust prófaunina. Eftir teplega 40 tíma vöku voru hins vegar allflestir fegnir að fá að skriða ofan í pokann.

### Hitamet í Danmörku

Ræst var mjög snemma næsta dag, eða kl. 07 og um leið og syfjaðir skátar ráku nefið út úr tjöldunum fundum þeir að það yrði heitt þennan dag. Þennan dag var slegið hitamet því það hafði ekki orðið svona heitt í Danmörku í rúm 50 ár. Eftir hádegi var farið með lest inn í Köben og farið í Tivoli. Dagurinn heppnaðist gríðarlega vel og skátarnir sælir og gladdir.

### Áttavíllt í skógi

Á miðvikudegi var farið í ratleik í Rude skógi. Fyrir Íslendinga var þetta mikil upplifun – að komast í skóg sem hægt er að villast í, ekki nóg að standa bara upp og lita í kringum sig. Um kvöldið var sameiginleg grillmáltíð í Birke-



hytten. Til tíðinda dró um kvöldið því spád var þrumuveðri. Íslendingarnir þökkðu kærlega fyrir gott prógram og vildu endilega sofa í tjöldunum en ekki flýja inn í neyðarskýli. Því voru grafnir skurðir í kringum tjöldin til þess að taka á móti væntanlegri úrkomu. Ekki rættist veðurspáin og það kom aðeins smá rigning.

#### Sjáláland og víkingar

Á fimmtudeginum var farið í skoðunarferð um Norður Sjáláland. Á föstudegi var víkingadagur í tjaldbúðunum þar sem skátarnir fengu að búa til ýmsa muni samkvæmt víkingahefð. Um kvöldið var farið niður í Birkeröd á Skt. Hans kvöld. Íslensku skátarnir fóru þangað fyrir góðra síða sakir en dagskráin höfðaði lítið til þeirra. Skátarnir í Birkeröd voru engu að síður mjög ánægðir með að við förum því í þeirra augum var það mikilvægt að skátarnir væru sýnilegir. Á laugardagsmorgni fóru íslensku skátarnir í innkaupaleiðangur á Strikið (enn ein íslensk menningararfleið). Um kvöldið voru síðan rokktonleikar inni í Birkeröd.

#### Haldið heim

Á sunnudeginum var gengið frá tjaldbúðinni og mótsslit. Undir hádegi var guðsþjónusta inni í Birkeröd og enn og aftur voru það íslensku skátarnir sem mættu. Síðdegis var rápað um í bænum og síðan tekin rútan út á flugvöll. Ferðin heim gekk mjög vel enda skátarnir þreyttir en alsælir með vikuna.

#### Næsta mót í Garðabæ

Vinabæjarmót Birkeröd og Garðabæjar er fyrirhugað á næsta ári. Ljóst er að við skátar í Garðabæ munum halda Vífillsmót og taka vel á móti frændum vorum Dönum.

*Helgi Grimsson*



## Myndir úr starfi Vífils



# Fermingar í Garða- og Vidalínskirkju 2001

## Vidalínskirkja sunnudaginn 1. apríl kl. 10.30:

101	Arnór Gunnarsson	Bólstaður
102	Aron Frank Leopoldsson	Furulundur 8
103	Atli Björn Ingimarsson	Marargrund 13
104	Árni Þór Skúlason	Hæðarbyggð 24
105	Bergþóra Einarisdóttir	Langamýri 49
106	Bjarni Snær Bjarnason	Þermunes 7
107	Daði Örn Andersen	Melhað 4
108	Edda María Elvarsdóttir	Krókamýri 74
109	Eydís Antonsdóttir	Marargrund 16
110	Finnur Snær Sturluson	Brekkubyggð 56
111	Guðrún Arna Sturludóttir	Móaflöt 9
112	Halldór Orri Björnsson	Hlíðarbyggð 2
113	Hermann Ragnar Björnsson	Markarflöt 47
114	Hjálmtyr Hjaltason	Krókamýri 2
115	Hrannar Jónsson	Bæjargil 28
116	Karl Jóhann Karlsson	Goðatún 19
117	Magnús Björgvinsson	Hrísholt 9
118	Ragnar Þórhallsson	Lindarflöt 47
119	Styrmir Sigurðsson	Hrísholt 12
120	Sverrir Ormsson	Breiðás 7
121	Vigdís Garðarsdóttir	Hörgatún 17
122	Þórður Kárasón	Bæjargil 63

## Vidalínskirkja sunnudaginn 1. apríl kl. 13.30:

123	Agnar Leó Þórisson	Bæjargil 108
124	Anna María Björnsdóttir	Fifumýri 4
125	Arnór Daði Jónsson	Langamýri 59
126	Bergþór Ásgeirsson	Krókamýri 68
127	Bjarni Þór Jónsson	Lyngmóar 2
128	Brynjar Valdimarsson	Laufás 5
129	Dagný Grimsdóttir	Ásbúð 49
130	Gauti Rafn Ólafsson	Eskiholt 16
131	Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir	Hlíðarbyggð 33
132	Hafðís Helgadóttir	Langamýri 26
133	Haraldur Ólafsson	Draumahæð 10
134	Helga Danielsdóttir	Krókamýri 72
135	Helgi Guðmundsson	Bæjargil 56
136	Magnús Þór Röbertsson	Holtsbúð 49
137	Polly Hilmarsdóttir	Krókamýri 34
138	Snjólaug Jóhannsdóttir	Stekkjarsflöt 25
139	Sonja Sól Guðjónsdóttir	Bæjargil 93
140	Sóley Emilsdóttir	Ásbúð 19
141	Tindur Jónsson	Langamýri 6
142	Tinna María Óskarsdóttir	Aftanæð 6
143	Þorsteinn Pálsson	Hagaflöt 12

## Vidalínskirkja sunnudaginn 8. apríl kl. 10.30:

201	Aðalsteinn Sumarliðason	Skúlagata 44
202	Andri Heiðar Sigurþórsson	Langamýri 16
203	Arna Þorsteinsdóttir	Langamýri 13
204	Atli Logi Janson Morreaunet	Langamýri 25
205	Baldur Brynjar Þórisson	Marargrund 10
206	Benjamín Ingólfsson	Skógarlundur 5
207	Erla Magnúsdóttir	Langamýri 26d
208	Gísli Már Reynisson	Krókamýri 48
209	Guðrún Jónsdóttir	Bakkaflöt 14
210	Helga Lára Grétarsdóttir	Ásbúð 53
211	Hildur Arna Hákansson	Þrastarlundur 20
212	Jón Unnar Kristinsson	Holtsbúð 47
213	Kristín Lóa Viðarsdóttir	Bæjargil 46
214	Laufey Gunnþórsdóttir	Faxatún 17
215	Óskar Örn Gíslason	Efstilundur 2
216	Pálmar Sæmundsson	Ægisgrund 11
217	Petra Andrea Maaek Halldórsd.	Birkihað 5
218	Sigrún Helga Kristjánsdóttir	Krókamýri 18
219	Sigrún Þorsteinsdóttir	Lyngmóar 6
220	Sigurður Þór Ágústsson	Bæjargil 64
221	Sindri Sigfússon	Bæjargil 78
222	Víktor Kaldalóns Þórhallsson	Furulundur 9

## Vidalínskirkja sunnudaginn 8. apríl kl. 13.30:

223	Andrea Ýr Jónsdóttir	Bæjargil 49
224	Dagbjört Hauksdóttir	Birkiás 24
225	Einar Alexander Eymundsson	Sunnuflet 12
226	Einar Torfi Einarsson	Hrísmóar 2a
227	Fanney Eiríksdóttir	Kjarrmóar 5
228	Halldóra Hrunn Guðjónsdóttir	Goðatún 11
229	Heiðrún Björt Sigurðardóttir	Dalsbyggð 7
230	Helena Ósk Benediktsdóttir	Hlíðarbyggð 53
231	Inga María Backman	Lindarflöt 36
232	Kristófer Þorgeirsson	Holtsbúð 52
233	Ólafur Ágúst Ingason	Bæjargil 72
234	Pétur Örn Arnarson	Langamýri 24
235	Signý Jóna Tryggvadóttir	Eskiholt 11
236	Sólveig Gunnarsdóttir	Hrísmóar 2
237	Thelma Kristín Snorradóttir	Lynghað 6

**Pantið skátaskeytin í sínum 565-8989 & 565-8820  
eða komið í Skátaheimilið að Hraunhólum 12**

Prestar verða séra Hans Markús Hafsteinsson og séra Friðrik J. Hjartar.

### Bessastaðakirkja á skírdag, 12. apríl kl. 10.30:

301	Guðrún Kjartansdóttir	Aftanhæð 2
302	Harpa Björk Möller Eðvaldsdóttir	Bæjargil 118
303	Ingunn Þóra Björgvinsdóttir	Langafit 36
304	Íris Mist Magnúsdóttir	Hegranes 31

### Bessastaðakirkja á skírdag, 12. apríl kl. 13.30:

305	Stefán Atli Thoroddsen	Engimýri 1
-----	------------------------	------------

### Kálfatjarnarkirkja á annan páskadag, 16. apríl kl. 13.30:

401	Hugrún Tanja Haraldsdóttir	Háhæð 15
-----	----------------------------	----------

Athugið að þegar ofangreind fermingarborn úr Garðabæ verða fermd í Bessastaðakirkju og Kálfatjarnarkirkju eru ekki fermingar í Garðabæ. Pantanir til þeirra þurfa því að berast 8. apríl!

### Garðakirkja sunnudaginn 22. apríl kl. 10.30:

501	Berglind Sigurjónsdóttir	Vesturtún 48, Álft
502	Bylgja Sigurjónsdóttir	Vesturtún 48, Álft
503	Dóra Björk Ólafsdóttir	Fífumýri 10
504	Fannar Þórsson	Smáraflöt 14
505	Helgi Mar Finnbogason	Bæjargil 25
506	Ingvar Steinn Birgisson	Langamýri 3
507	Jóna Heiða Hjálmarsson	Búhamar 33, Álft
508	Jónatan Helgi Rafnsson	Vesturtún 26, Álft
509	Karen Nadia Pálsdóttir	Stekkjjarflöt 23
510	Kristján Karl Björnsson	Brúnás 18
511	Niels Parsberg Sigurðsson	Smáraflöt 45
512	Ragnhildur Pétursdóttir	Hofslundur 17
513	Tinna Rún Davíðsdóttir	Reynilundur 9

### Garðakirkja sunnudaginn 22. apríl kl. 13.30:

514	Agnes Guðmundsdóttir	Krókamýri 4
515	Ágúst Þór Gunnlaugsson	Grund Garðabæ
516	Brynja Sóley Stefánsdóttir	Lækjarfit 1
517	Guðlaug Helga Magnúsdóttir	Sjávargrund 14b
518	Hannes Ágúst Sigurgeirsson	Lækjarsmára 8
519	Helga Kristrún Unnarsdóttir	Bæjargil 119
520	Kristján Jóhannsson	Lynngóar 5
521	Ragnar Berntsson Kaspersen	Bæjargil 33
522	Stefán Traustason	Laufási 4
523	Unnur Músdóttir	Lækjarfit 16
524	Viktória Kolfína Karlsdóttir	Langafit 10

### Vidalínskirkja sunnudaginn 29. apríl kl. 10.30:

601	Arnar Hilmarsson	Hraunás 9
602	Arnar Steinn Pálsson	Fagrahæð 4
603	Daði Bjarnason	Bæjargil 104
604	Heimir Hannesson	Blómahæð 8
605	Hildur Baldursdóttir	Bæjargil 45
606	Hrafn Norðdahl	Óttuhæð 2
607	Jón Viðar Reynisson	Stekkjjarflöt 4
608	Olga Sonja Thorarensen	Hörgatún 23
609	Ólafur Freyr Ólafsson	Ásbúð 2
610	Ragnhildur Kr. Sigurðardóttir	Sunnuflet 42
611	Tinna Sif Danielsdóttir	Eskiholt 17



Þökkum veittan stuðning

*Munið að hafa tilbúið kreditkortid þegar þið hringið til okkar til að gefa okkur upp kortanúmerid og gildistímann á því.*

*Þegar skátaskeyti er pantað er einfaldast að gefa upp raðnúmerid sem er við nafnið. Það flýtir fyrir afgreiðslu hjá okkur.*

*Athugið breyttan opnunartíma.*

*Afgreiðslan í Skátaheimilinu er opin milli klukkan 11 og 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytum út eins fljótt og auðið er.*

*Munið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vidalínskirkju.*

# Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils haldið í þrettánda sinn!

*Spennandi möguleiki fyrir hressa krakka í júní og júlí!*



Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið sem Skátafélagið Vífill hefur starfrækt síðustu tólf sumur.

### Mikil og góð dagskrá

Við leggjum metnað okkar í það að sinna einstaklingunum og er dagskráin byggð upp á reynslu undanfarinna ára. Þátttakendum er skipt upp í flokka eftir aldri og starfa flokkarnir saman allt námskeiðið.

Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins ásamt hellaferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og kynnisferðum og mörgu fleira.

### Hápunkturinn er útilegan

Hápunktur hvers námskeiðs er tjaldútilega í Heiðmörk og er þá verið í nágrenni skátaskálans okkar Vífilsbúðar. Í útilegunni verður grillað, haldin kvöldvaka og farið í pósta-leiki. Í stuttu máli er gert flest það

sem tilheyrir alvöru skátaútilegum, enda er útilíf og útilegur sérgrein okkar skátanna.

### Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátaforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátastarf að baki. Þau eru þaukunnug útilífi og stjórnun í skátastarfi og eru snillingar að vinna með ungum Garðbæingum.

### Hvenær eru námskeiðin

Við erum búin að dagsetja námskeiðin fyrir næsta sumar og eru þau eins og hér segir.

- 4. – 15. júní fyrir 7-11 ára.
- 18. – 29. júní fyrir 7-11 ára.
- 4. – 13. júlí fyrir 7-11 ára.
- 16. – 25. júlí fyrir 7-11 ára.
- 16. – 20. júlí fyrir 6 ára.

Hugmyndir eru um sérstaka fimm daga útilegu fyrir 12-14 ára í lok ágúst. Þetta verður kynnt nánar síðar.

### Hvað kostar á námskeiðin

Verð 7800 kr. fyrir 7-11 ára.

Verð 5000 kr. fyrir 6 ára.

Veittur er 10% systkinaafsláttur

Skráning er í síma 899-0089 og

565-8820 eða með því að senda tölvupóst á [vifill@islandia.is](mailto:vifill@islandia.is)



D

O

B

L

I

T


# BÓNUSVÍDEÓ

SMÍÐSBÚÐ 9 GARÐABÆ

**2 SPÓLUR** ein ný og ein eldri

+

**12"**



m/2 áleggstegundum

+

**2L.**



100 g TOBLERONE  
fylgir með í eftirrétt

**= KR 1.190.-**

Ef 16" pizza kr. 1.390,-

**PIZZAN**

pizzum ofar

565 9440

Tilboðið gildir ekki í heimsendingu og ekki er hægt að skipta tilboðinu. Tilboðið gildir sunnudaga – fimmtudaga

# Rafmagn í Vífilsbúð

## Nú er stuð í útilegum



### Loksins, loksins !

Langþráður draumur rættist í haust er rafstrengur var lagður í skátaskálann okkar í Heiðmörkinni. Kom kapallinn yfir fjöll og firnindi frá Rafveitu Hafnarfjarðar og var straumi hleypt á fljótlega á eftir, því Trausti rafvirki var búinn að undirbúa vel framkvæmdir og verður honum seint nóglega þakkað fyrir alla hans vinnu við rafvæðingu skálans.

Með því að koma rafmagnni í skálann, hættum við allri meðferð á gasi, en það var einmitt út frá gasi sem gamla Vífilsbúð brann fyrir nokkrum árum og litlu mátti muna að stórslys yrði af.

### Mikið notaður

Nú er skálinn hitaður upp með rafmagnsöfnum og er hlýr og notaður þegar skátarnir koma í útilegur. Allir flokkar í Vifli fara í útilegur upp í Vífilsbúð einhvern tíma yfir veturinn og þess á milli sækja önnur skátafélög stíft í að koma sínum hópum þangað, því bæði er stutt að fara og umhverfi skálans frábært.

### Sífelld gerður betri

Í sumar var einnig mikið gert við skálann, gerðir voru göngustigar og mól sett í bilastæði fyrir framan skálann. Innan dyra var forstofan hólfuð niður og klædd og einangruð að innan og voru þar listasmíðirnir Ólafur og Brynjar úr Eigna- og umsýslunefnd félagsins fremstir í flokki.

### Góður staður fyrir afmæli...

Með tilkomu rafmagns verður að sjálfsögðu rekstur skálans dýrari og erum við með allar klær úti til að reksturinn standi undir sér. Til dæmis höfum við verið að leigja



skálann út undir barnaafmæli og hefur það verið sérlega vinsælt og ef einhver hefur áhuga á slíku, þá vinsamlega talið við umsjónarmanninn okkar í s. 565-8989.



**Vilt þú taka þátt í ylfinga- eða skátastarfi?**

Hringdu þá í síma 565 8820  
á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum  
milli kl. 18 og 20.

## Fermingartölvan 2001



Verð frá: **99.700,-** vgr.

### CRAFT basic

- ATX-torn
- 700 MHz Intel Celeron
- 64 MB SDRAM-einnslaminni
- 20 GB harður diskur
- AGP-akjástýring
- Hljóðstýring á möðurbordi
- 17" Pro View-skjúr
- 30s geislaðríf
- 2 USB-tingi
- Creative-hálfalarar 33W
- 56k lausbyggð mótuld
- Stjórikerfi: Windows Millennium CD

## KT-tölvur

Neðstaukróð 5 Tölvur - Vígðerðir - Scannarir - Aukahlutir  
Sími: 554 2187 Rekstrarværa - Þjónusta - Vefsíða: www.kt.is

Kodak  
**EXPRESS**  
LJÓFAFRAMTÖLUR

### Kodak Express Garðatorgi

Ein 13x18 stækkun fylgir öllum framköllunum sem innihalda fermingarmyndir. Tilboð þetta gildir til 1. júní 2001.

Einnig frábær fermingartilboð á myndavélum.



### Framköllun Garðabæjar

Garðatorgi - S:565 9390 - Fax: 5656163  
Netfang: framk.gb@itn.is

## Kodak Pictures

# Vantar þig tjald eða kanó?

## Vífill leigir réttu græjurnar!

Skátafélagið Vífill á ýmsan búnað sem ekki er alla daga í notkun og reynum við að afla okkur tekna með því að leigja hann út.

Til dæmis hefur verið vinsælt að leigja stóru tjöldin ásamt borðum og bekkjum fyrir afmælisveislur. Við getum komið og tjaldað fyrir þig og séð um allan frágang.



Ef þú vilt vekja lukku með því að bjóða fólki í óvissuferð eða rómantíska kvöldsiglingu, þá á Vífill fjóra mjög góða kanóa sem hægt er að leigja.

Kanóarnir eru á kerru og er lítið mál að flytja þá á milli staða. Meðfylgjandi þeim eru vesti og árar.

Allar nánari upplýsingar veitir umsjónarmaður í síma 565-8989.



# Skátamót í Þórsmörk

## Dróttskátar úr Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi



Dróttskátar úr Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi fóru annað árið í röð á dróttskátamót í Þórsmörk undir leiðsögn vaskra hjálparsvettamanna.

Þetta mót var liður í samstarfi Bandalags íslenskra skáta og Slysavarnarfélagssins Landsbjargar.

Mótið, eins og árið áður, heppnaðist sérlega vel, enda mannskapurinn frábær og öll tól og tæki til staðar eins og sjá má á þessum myndum sem segja meira en þúsund orð.

**Ertu 15 ára - Viltu vera með ?**  
Dróttskátastarfið, sem er ævintýrlegt skátastarf fyrir 15 ára og eldri, er frábær undirbúningur fyrir starf í hjálparsvett. Ef þú hefur áhuga, kaktu þá út í skátaheimili að Hraunhólum 12 og vertu með! Einnig er hægt að hringja og fá nánari upplýsingar í síma 565 8989.

Kiktu á vefinn:  
[www.scout.is](http://www.scout.is)





## *Myndir úr starfi Vífils*



## Vantar þig þjóðskrá?



Ferli ehf. Alhliða tölvupjónusta  
Hlíðasmára 8 Kópavogi Sí: 544-5888 www.ferli.is

Viltu senda póst á rétta staði?  
Viltu minnka innslátt?  
Viltu réttar upplýsingar?  
Viltu nýta þér þjóðskrá?  
Þjóðarsýn er heildar  
þjóðskrárkerfi fyrir PC,  
NT og AS/400  
Mánaðarlegar eða  
daglegar uppfærslur  
Ferli ehf. deilir breytingastóm  
þjóðskrár samkvæmt stöðuku,  
keyli frá Hagstofu Íslands




**BITABÆR**  
Ásgarði Garðabæ  
Sími 565-8050

## Garðatorg



Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð

# Nordjamb 2000

## Vífill í fallhlífarstökki

Nokkrir skátar úr Vífilli tóku þátt í alþjóðlegu skátamóti sem haldið var á Íslandi síðastliðið sumar. Á mótið komu um 350 erlendir skátar og um 40 íslenskir skátar, þau völdu sér fjöggra daga ferð eins og t.d. Hornstrandir, fallhlífarstökk, hæsti foss Íslands, Hvannadalshnjúkur, hjólaferð umhverfis Þingvallavatn o.fl. Eldsnemma á þriðjudagsmorgni var hópurinn mættur í Ráðhús Reykjavíkur þar sem setningarathöfnin fór fram. Eftir stutta athöfn var kallað út í rútu og hver og einn fór upp í þann fararskjóta sem hentaði, þ.e. rútu, jeppa, flugvél o.s.frv.

### Skátar úr Vífilli stukku

Tveir skátar úr Vífilli fóru í fallhlífarstökk, fyrstu tveir dagarnir fóru í það að læra að pakka inn fallhlífum og nauðsynlegustu öryggisatriði.

Síðan var farið upp á Sandskeið og fengu allir að stökkva einu sinni - „geðveikt fjör“ heyrst nú frá þeim. Um helgina sameinuðust allir ferðahóparnir á Úlfjótuvatni og skemmtu sér og öðrum við hin ýmsu furðuafrek. Hóparnir tókust á í FOLF (frisbí gólf), Kanó burtreið o.fl. Mótinu var svo slitið á sunnudeginum á Þingvöllum og eftir það héldu allir heim. Óhætt er að segja að þátttakendur mótsins fóru gjörsamlega eftir þema þess: Lifðu lifinu lifandi – gerðu það með skátum.

Jón Ingvar Bragason

